

Fundargerð

2. fundur stjórnar Frjálsíþróttasambands Íslands, á starfstímabilinu 2004-2006, var haldinn í Íþróttamiðstöð Íslands, laugardaginn 8. maí 2004, kl. 10:30.

Fundinn sátu: Jónas Egilsson, formaður, Einar K. Jónsson, Stefán Halldórsson, Sonja Sif Jóhannsdóttir, Unnur Sigurðardóttir, Birgir Guðjónsson, Sigurður Pétur Sigmundsson, Guðmundur Kristinsson, og Egill Eiðsson framkvæmdastjóri.

Formaður setti fundinn og stjórnaði. Hann sagði að von væri á tveimur gestum á fundinn, þeim Óskari Thorarensen og Þorsteini Þorsteinssyni.

1) Fundargerðir

- a) Fundargerð 1. fundar stjórnar frá 5 .apríl sl. lögð fram. Samþykkt.
- b) Þinggerð 54. Frjálsíþróttabings lögð fram.

2) Stjórslumál

- a) Samþykktar ályktanir á 54. Frjálsíþróttabingi. Framkvæmdastjóri tók saman og sendi til þeirra aðila sem málin varða og helstu fjölmiða á svæðunum.
- b) Fjárhagsáætlun 2004/2005. Lögð fram til kynningar yfirfarin áætlun þingskipaðar nefndar. Samþykkt að Einar Kristján, ásamt gjaldkera og framkvæmdastjóra fari yfir áætlunina og geri tillögur um breytingar fyrir nefndina.
- c) Endurskoðuð lög FRÍ. Þorsteinn Þorsteinsson fór yfir þær breytingar sem samþykktar voru á lögum FRÍ á þinginu í mars. Framkvæmdastjóra falið að senda lögina til framkvæmdastjórnar ÍSÍ til staðfestingar.
- d) Endurskoðun á reglugerðum. Formanni og framkvæmdastjóra falið að fara yfir allar breytingar sem samþykktar voru á reglugerðum FRÍ á þinginu og senda sambandsaðilum til kynningar.
- e) Endurúrgáfa á leikreglum 2004-2007. Birgir Guðjónsson hefur gengið frá 18. útgáfu á leikreglum til útgáfu. Nýja útgáfan er komin inn á heimsíðu FRÍ sem pdf skjal, en einnig verður hægt að fá leikreglurnar keypar á skrifstofu FRÍ innan skamms.
- f) Nefndir og ráð 2004-2006.
Öldungaráð FRÍ 2004-2006. Samþykkt eftirfarandi tillaga að skipan öldungaráðs FRÍ á starfstímabilinu: Óskar Thorarensen, formaður, Arnþór Sigurðsson, Jón H. Magnússon, Sigurður Haraldsson og Trausti Sveinbjörnsson. Óskar Thorarensen, nýskipaður formaður öldungaráðs kom inn á fundinn og sagði frá hugmyndum sínum og framtíðarsýn varðandi öldungamál, hann kom m.a. inná útbreiðslumál og kynningarmál o.fl.
Þá spurði hann hvort mögulegt væri að færa Meistaramót öldunga í sumar til, þar sem hann hefði fundið fyrir óánægju með þær aðstæður sem öldungum er boðin fyrir Meistaramót Íslands að þessu sinni. Óskar vék af fundi eftir þetta.
- g) Fundarsköp stjórnar FRÍ. Formaður lagði fram drög að reglum um fundarsköp stjórnar. Fundarsköpin samþykkt efnislega og samþykkt að verkaskipting innan stjórnar tuki gildi nú þegar. Eftir nokkar umræður, var formanni, ásamt Stefán Halldórssyni falið að endurskoða drögin fyrir næsta fund stjórnar.
- h) Lagt fram uppkast að samningi um auglýsingaöflun við Öflun ehf vegna útgáfu frjálsíþróttablaðs. Samþykkt.
- i) Lagt fram uppkast að samningi við ritnefnd vegna útgáfu frjálsíþróttablaðs. Guðmundur óskaði eftir að fram kæmi að ritnefnd hefði óskað eftir að sjá um auglýsingaöflun vegna 2. tbl. Samningurinn var samþykktur efnislega, en

Einari Kristjáni og Stefáni falið að fara yfir samninginn og setja hann upp fyrir undirritun.

3) Evrópubíkarkeppnin

Sigurður Pétur, formaður undirbúningsnefndar Evrópubíkarkeppninnar sagði frá stöðu undirbúnings og fram kom að allir helstu þættir í undibúningnum væru á áætlum.

Sigurður kom að ýmsum málum varðandi undirbúninginn s.s. að framkvæmdanefnd hafi hist vikulega að undarförnu, en í henni eru auk Sigurðar, þeir Þráinn Hafsteinsson, Egill Eiddsson og Guðmundur Kristinsson, en stærri undirbúningsnefnd kemur saman á u.þ.b. tveggja vikna fresti.

Sigurður ræddi m.a. um, hótelmál og matarmál, akstursmál, lokahóf, mótsmerki, heimasíðu mótsins, verkefnastjórn, heiðurs- og boðsgesti og fjárhagsáætlun, upplýsingabækling til liða o.fl.

4) Mótamál

- a) Yfirdómarar á mótum FRÍ í sumar. MÍ í fjölþrautum, Birgir og Þorsteinn. Frestað að skipa yfirdómara á önnur mót á vegum FRÍ í sumar.
- b) Óúthlutað mót á vegum FRÍ.
 - i) Bikarkeppni FRÍ. Frestað.
 - ii) MÍ í 10.000m ka og 5.000m kv. Frestað.
 - iii) Viðavangshlaup Íslands. Frestað.

5) Lagt fram

- a) Lagður fram nýr bæklingur sem ÍSÍ hefur gefið út, með upplýsingum um skattamál um íþróttafélaga.
- b) Geisladiskur með fyrirlestrum frá CEO Seminar EAA í Budapest lagður fram.
- c) Fréttablað EAA. "Update" sem kom út í apríl lagt fram.
- d) Fundargerð frá stjórnarfundum IAAF 27/28 mars sl. lögð fram.
- e) Fundargerð frá Norðurlandafundi í Budapest 4.mars sl. lögð fram.
- f) Upplýsingar um fjallahlaup Evrópu 3.-4.júlí nk. lagðar fram.

6) Innsend mál

- a) Bréf frá HSK, dagsett 14.apríl sl., um aðalfund frjálsíþróttaráðs HSK, óskað er eftir að FRÍ staðfesti breytingar á lögum ráðsins sb. 58.gr. laga ÍSÍ. Formanni falið að fara yfir erindið fyrir næsta fund.
- b) Bréf frá ÍSÍ, dagsett 15.apríl sl., um viðbótarúthlutunar úr Afrekssjóði ÍSÍ. FRÍ fékk ekki úthlutað neinu úr sjóðnum að þessu sinni.
- c) Bréf frá Arnþóri Sigurðssyni, dagsett 19.apríl sl., vegna mótaforrits FRÍ og viðbótarkostnaðar vegna vistunnar á vefsvæði Íslenskarar Getspár. Samþykkt að FRÍ greiði útlagðan kostnað vegna tölvukaupa sem tilgreindur er í bréfinu.
- d) Bréf frá ÍSÍ, dagsett 20.apríl sl., um niðurstöður úr lyfjaeftirliti, sem Björn Margeirsson var boðaður í 1.mars sl. í kjölfar Íslandsmets hans. Niðurstöður liggja fyrir og engin lyf af bannlista fundust í sýninu.
- e) Bréf frá ÍSÍ, dagsett 19.apríl sl., um samþykktar breytingar framkvæmdastjórnar ÍSÍ á starfsreglum Afrekssjóðs. ÍÞA fái afrit af nýju reglunum.
- f) Evrópubíkarkeppni félagsliða unglunga og evrópubíkarkeppni félagsliða. Lagðar fram upplýsingar um viðkomandi mót. Framkvæmdastjóri falið að kanna hver kostnaður FRÍ yrði af þátttöku unglíngalandsliðs á fyrrgreina mótinu, sem fram fer í Tampere 18. september.

7) Önnur mál

- a) Formaður greini frá því að Fríða Rún Þórðardóttir væri í Grosseto á Ítalíu í boði Ítalska frjálsíþróttasambandsins til að kynna sér og undirbúa fyrirhugaðar unglíngabúðir í sambandi við HM unglíngna í júlí sem styrkar eru af Evrópusambandinu.
- b) Formaður greindi frá því að hann, ásamt Birgir Guðjónssyni og Þráni Hafsteinsyni væru tilkallaðir af til að fara yfir tilboð vegna frjálsíþróttaaðstöðunnar í nýju höllinni í Laugardal.
- c) Stefán Halldórsson ítrekaði að hann hefði áhuga á að ræða stefnumál, framtíðarsýn og markmið stjórnar á starfstímabilinu á næstunni.
Ákveðið að halda sér fund innan skamms, þar sem þessi mál yrðu rædd.

Fundi slitið kl. 13:45

Fundargerð ritaði Egill Eiðsson.